



Skipulags- og samgönguráð

Málsnúmer: USK2019040027

8. apríl 2019

Laugavegur, einstefna til austurs frá Klapparstíg að Frakkastíg

Lagt er til með fyrirvara um samþykki lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu sbr. 2. mgr. 81.gr. umferðarlaga nr. 50/1987:

- Að Laugavegur verði einstefna til austurs milli Klapparstígs og Frakkastígs.
- Að fyrri auglýsing um einstefnu á Laugavegi til vesturs á sama kafla verði felld úr gildi.

Frá 1.maí til 1.október 2019 verður göngugötusvæði Laugavegar frá Klapparstíg til vesturs. Breyting á akstursstefnu Laugavegar er gerð til að beina umferð frá Laugavegi niður Frakkastíg að Hverfisgötu frekar en upp Klapparstíg að Skólavörðustíg. Með því að snúa við akstursstefnu á Laugavegi vestan Frakkastígs er dregið úr líkum á að ekið sé óafvitandi inn á göngugötusvæðið og eins er leitast við að draga úr neikvæðum áhrifum bílaumferðar á þessum hluta Laugavegar, á sama tíma er samt opið fyrir akstur bifreiða þar með aðkomu frá Klapparstíg. Farið verður í yfirborðsmerkingar og lagfæringer á yfirborði á gatnamótum Laugavegar og Frakkastígs og Laugavegar og Klapparstígs til að tryggja öryggi og aðgengi. Sjá skýringarmynd að neðan þar sem bláar örvar tákna breytta akstursstefnu.



Fyrir hönd skrifstofu Samgöngustjóra og borgarhönnunar

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir

Yfirverkfræðingur samgöngumála

